





SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR

AÐALSKIPULAG 2004 - 2016 - HAGALÓN

AÐALSKIPULAGSBREYTING



Legend:

- Iðnaðarsvæði
- Efnistökusvæði / haugsvæði
- Svæði fyrir fristundabragð
- Opin svæði til sérstakra nota
- Óbyggð svæði
- Landbúnaðarsvæði
- Vötn, ár og sjör
- Virkjanálón / skurðir
- Stiflur / garðar
- Náttúruvermdarsvæði, svæði á náttúrumjóskrá
- Þjóðminjavarmarsvæði
- Værðandi aðrar þekkar formleifar, síð viðauka með óreinarderð

Boundary symbols:

- Sveitarfélagsmörk
- Skipulagssvæði, péttbýli
- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir (aðeins til skýringar)
- Göngustiglar
- Reiðstiglar
- Raflinur
- Raflinur
- Fjarskiptamannvirki

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá 15. desember til 4. janúar 2012.

Tillagan var kynnt frá _____ með athugasemdafresti til _____

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá _____ til _____

Aðalskipulagsbreyting pessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var sambykkt í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann _____

Aðalskipulagsbreyting pessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

Aðalskipulagsbreytingin tók gildi með auglýsingi í B-deild Stjórnartíðinda _____



SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR

Aðalskipulagsbreyting

Suðurlandsvegi 1-3 850 Hella. S. 487 7800 www.steinholtsf.is	Verk: 8720 SA109 Mkv: 1:50.000 Blaðstærð: A2	Dags: 07.02.2017 Tímaburð: 28.04.2017
Hannað: GG, ÁJ, Teiknað: GLS	Samþykkt:	TILLAGA

GREINARGERD

1. INNGANGUR

Sveitarfelagði vinnur að breytingu aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004 - 2016 á afmörkun Hagalóns við þverá vegna fyrirhugaðrar virkjunar í Þjórsá, svonefndrar Hvammsvirkunar. Breytingin tekur til afmörkunar Hagalóns og færslu á austasta hluta Gnúpverjavegar. Gerð er breyting að aðalskipulagsupprætti, þar sem það fyrst fyrir að marka þennan hluta lónsins og breytta veglinu inn á upprættum við aðalskipulagsbreytingu, sambykkt 18. feb. 2011.

Þá er gerð textabreyting varðandi stærð lóns sem var um 4,6 km² en verður um 4,0 km².

Breyting i ferli tillögu

Sett inn, í kafla 3.2, tilvísun í endurskoðun umhverfismats vegna framkvæmdarinnar.

2. BREYTING AÐALSKIPULAGS

2.1 Gildandi aðalskipulag

Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 var staðfest af umhverfisráðherra 6. apríl 2006. Gerð var breyting að aðalskipulaginu, dags. 18. feb. 2011, þar sem sett var inn á skipulag ákvæði um virkjan í neðri hluta Þjórsár, Hvammsvirkjun og Holtavirkjun. Þar kemur fram í lið 1 m.a.: Hagalón er um 4,6 km² en um helmingur þess er innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Í lið 5: Gert er ráð fyrir fjórum nýjum efnistökusvæðum í aðalskipulagsbreytingunni. Eitt peirra er ekki skilgreint á breyttum aðalskipulagsupprætti þar sem svæðið mun fara undir fyrirhugað Hagalón en það er í farvegi Þjórsár við ós Þverár. Gert er ráð fyrir efnistökusvæði við Sandareyrar (E6) og tveimur efnistökusvæðum við Guðmundareyri neðan Búrfells (E7).

2.2 Breyting aðalskipulags

Gerð verður breyting að aðalskipulagsupprætti þar sem afmörkun Hagalóns er leiðrétt. Lónið mun ná upp fyrir nýjan Þjórsárdalsveg (nr.32), inn í farveg Þverár fyrir neðan Fossnes. Um er að ræða um 9 ha landbúnaðarsvæði og um 1 ha fristundasvæði sem fer undir lón. Heildarflatarmál lónsins verður um 4,0 km².

Austasti hluti Gnúpverjavegar (nr. 325) mun færast á um 500 m kafla og gerð verður ný vegtenging við Þjórsárdalsveg. Vegurinn og vegtenging verður því færð vestar. Afmörkun fristundasvæðis F31, sem liggr austan við lónið, mun breytast og minnkari svæðið um tæpan hektara, fer úr 66,6 ha í 67,7 ha.

Markmið sveitarstjórnar með breytingunni er að leiðrétt aðalskipulagsupprætti sveitarfélagsins til samræmis við áætlaða framkvæmd.

3. UMHVERFISÁHRIF

3.1 Lýsing svæðis

Iðgildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir breytri legu Þjórsárdalsvegar. Það svæði ofan hans sem fer undir Hagalón, er að mestu leiti árvarfegur þverár, mói og fremur rýrt gróðurlendi áreyna. Vestasti hluti hefur þó verið ræktaður og þar fer um 1 ha. tún undir lón. Beggja vegna árinna er gróði land sem hallar niður að eyrunum, viða nokkuð bratt. Hlíðarnar eru ágætleg grónar, gróður aðallega gráslandi auk viðs og stóku birkiplantna. Þá er lípunu allvíða að nema land á eyrunum. Land utan ræktaðs lands hefur aðallega verið nýtt til beitar.

Sá hluti fristundasvæðis sem fer undir lónstæðið er gróði land en fremur bratt á köflum. Fristundasvæðið er óbyggt.

Vegna færslu vegar má ætla að um 1 ha svæði spilli vegna framkvæmdanna sem er að stórum hluta ræktað land.

3.2. Umhverfisáhrif

Áhrif á landslag/ásýnd verða nokkur þar sem land fer undir lón og ásýnd þess breytist. Áhrif á náttúru/gróður og dýralif verða einnig nokkur en hluti árvarfegar og gróðurlendi fer undir lón. Ætla má að nokkurt fuglalíf sé á eyrum Þverár og líklegt að búsvæði þeirra skerðist. Einig skerðist ræktað land bæði vegna lóns og færslu Gnúpverjavegar.

Gnúpverjavegar verður færður nokkuð sunnar og gerð ný tenging við Þjórsárdalsveg. Gerð nýs vegar fylgir nokkurt jarðrask sem m.a. spiller ræktuðu lands.

Áhrif af þessari breytingu eru takmörkuð á samfélög, sérstaklega í ljósi þess að Hvammsvirkjun hefur verið á áætlun lengi og sú breyting sem hér er kynnt hefur ávallt verið hluti þeirrar framkvæmdar.

Breytingin hefur ekki áhrif á verndarsvæði eða þekktar minjar en búað er að skrá minjar í tengslum við áætlaðar virkjanaframkvæmdir.

Að öðru leyti er visáð til mats á umhverfisáhrifum í frummatsskýrslu, sem auglýst er samhlíða tillögunni.

3.3 Niðurstaða sveitarstjórnar

Við breytingu aðalskipulags, í febrúar 2011, láðist að gera ráð fyrir því að upprætti að hluti Hagalóns teygði sig inn í farveg Þverár, ofan við Þjórsárdalsveg. Allt að 10 ha af lóninu verður ofan nýs Þjórsárdalsvegar og fær þarf Gnúpverjaveg a um 500 m kafla vegna þess. Heildarstærð lóns hefur hins vegar minnkad frá upphaflegri áætlun.

Lón mun skerða fristundasvæði (F31) litillega og nokkuð af ræktuðu landi einnig, aðallega vegna færslu Gnúpverjavegar. Færsla Gnúpverjavegar og lón ofan Þjórsárdalsvegar hefur ávallt legið fyrir í þeim viðræðum og samningum sem gerðir hafa verið. Gengið hefur verið frá samningum við alla landeigendur enda hefur fyrirhuguð framkvæmd lengi verið í undirbúningu.

Sveitarstjórn telur því að umrædd breyting að fyrirhugaðri framkvæmd hafi litil umhverfisáhrif, umfram það sem áhrif af framkvæmdinni munu hafa. Þá styður það við breytingu að gengið hefur verið út frá henni í kynningu á fyrirhugaðri framkvæmd virkjunar og í samningum við landeigendur á svæðinu.

Sveitarstjórn sambýkkir því breytingu að aðalskipulagi.